

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 22. ágúst 2024
UST202403-380/H.G.
08.04

Efni: Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. kt. 531278-0469 (Hér eftir Kalka) þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða breytingu á starfsemi stöðvarinnar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kalka er með starfsleyfi frá 21. september 2016 fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinna sem gildir til 21. september 2032.

Í erindinu er sótt um breytingu á 4. og 5. tl. 1. mgr. í gr. 1.2 í starfsleyfi rekstraraðila þar sem heimild er veitt til brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum úrgangi og 1000 tonnum af spilliefnum á ári. Óskað er eftir að auka heimildina upp í 600 tonn af sóttmenguðum úrgangi og 1200 tonn af spilliefnum á ári. Fram kemur að hvorki sé verið að auka heildarmagn úrgangs sem kemur til brennslu í stöðinni né reisa ný mannvirki. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 7. júní sl. þar sem stofnunin taldi að aukin brennsla á sóttmenguðum úrgangi og spilliefnum kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur, sbr. 3. mgr. sama ákvæðis. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 9. júlí til og með 6. ágúst 2024. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 9. júlí 2024 ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Reykjanesbæjar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (b.t. heilbrigðisnefndar) sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Ein umsögn barst á auglýsingartíma, frá Reykjanesbæ en þar kom fram að bæjarráðið gerði ekki athugasemdir við breytinguna.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun að breyta gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. til samræmis við umsókn rekstraraðila.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku:

- a. Í stað „400 tonn“ í 4. tl. kemur: „600 tonn“
- b. Í stað „1000 tonn“ í 5. tl. kemur „1200 tonn“

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur